

Fræðslufundur skrásetjara

Rafrænt efni

Svið 856 – kemur slóðin að gagni?

Hvað er að gerast í rafrænni skráningu

Í vetur keyrði Landskerfi út lista yfir svið 856 og skipti því niður í virkar vefslóðir og óvirkar vefslóðir. Þessum listum var síðan skipt á milli Borgarbókasafns og Landsbókasafns til yfirferðar.

Borgarbókasafn fengu svokallaðar virkar slóðir til athugunar og kom þá í ljós að þær virkuðu þannig að hægt var að opna þær en hvort slóðin sem slík tengdist eitthvað færslunni var alls ekki alltaf.

Landsbókasafn skoðaði svokallaðar óvirkar slóðir þar sem vefslóðin opnaðist alls ekki. Ýmsar ástæður voru fyrir því t.d. vantaði . (punkt) í deilisvið 4, vefslóðin var ekki í réttu deilisviði, vefsíðu er ekki lengur haldið við og ýmsar aðrar ástæður. Fjöldi þessara færslna með óvirkum vefslóðum var rúmlega 1000 (1128) og því ansi mikil vinna að fara yfir þær allar. Listinn sem Borgarbókasafn fékk var mun lengri.

Vinnan við að lagafæra þennan lista með óvirku vefslóðunum vakti upp margar spurningar í sambandi við það hvernig á að skrá rafrænt efni og einnig hvernig væri best að haga þeirri vinnu að lagfæra listana. Ég tel þetta nauðsynlega vinnu þar sem það er hvítleitt fyrir gæði Gegnis að hafa marga óvirka tengla.

Næst þegar Landskerfi keyrir út samskonar lista ættu þeir þó að vera orðnir mun styttri og ýmsir byrjunarörðuleikar búnir að koma upp sem hægt er að læra af og nýta sér í skipulagningu við að búa til verklag um hvernig best væri að vinna þetta.

En vegna allra þeirra spurninga sem komu upp við þessa vinnu og lítið var um svör við var þessi vinna að einhverju leiti sett á bið. Þar sem nú er starfandi hópur sem fjallar um **rafræna skráningu**. Þessi hópur hefur fengið vinnuheitið **Skráargatið** og eru í honum 10 konur. Talsmaður hópsins er **Þóra Gylfadóttir**. Haldnir hafa verið **x3 fundir** og eru **fundargerðir hópsins birtar á heimasíðu Landskerfis**. Hópurinn fjallar um

skráningu á rafrænu efni tekur t.d. afstöðu til þess hvort samhliða prentað og rafrænt efni eigi að vera ein færsla eða tvær o.fl.

Fyrsta umræðan hjá hópnum snýst um að finna út hvernig rafrænt efni verði skráð í Gegni og þá ekki út frá nýju formati heldur hvort hægt sé að setja allt rafrænt efni saman á annan hátt. Verið er að skoða skráningu hjá erlendum söfnum hvernig þetta er gert þar og hvort eitthvað af því myndi henta hjá okkur. Dögg hjá Landskerfi er leiðbeinandi í þessari vinnu. Þegar ásættanleg leið hefur verið fundin þarf að skoða skráningarreglurnar nánar.

Einnig er starfandi hópur sem fjallar um **varðveislu á rafrænu efni**. Með samvinnu þessara hópa er væntanlega hægt að vinna góðar verklagsreglur til að styðjast við þegar skráð er rafrænt efni. Vegna örra breytinga á þessu sviði þarf ávallt að vera með þessar verklagsreglur í endurskoðun.

Niðurlag

Það má því segja að ýmislegt er að gerast í sambandi við skráningu á rafrænu efni. Halda þarf þeirri vinnu markvisst áfram vegna aukinnar útgáfu á rafrænu efni. **Einnig þurfa að koma fram hugmyndir og skoðanir frá sem flestum söfnum og fólki til að ná utan um ólíkar þarfir notenda og til að skrásetjarar fái hnitmiðaðar verklagsreglur til að vinna út frá. Það er spurning hvort sérstakt netfang fyrir umfjöllun um rafræna skráningu myndi vera til hjálpar til að koma sem flestum „kommentum“ á framfæri.**

Magnhildur Magnúsdóttir 21. apríl 2009

Landsbókasafni – háskólabókasafni